





Stafrænt Ísland

Stefna um stafræna
þjónustu hins opinbera




Sýn

Ísland er meðal allra fremstu þjóða heims á sviði stafrænnar þjónustu. Stafræn þjónusta er notuð til þess að skapa öflugt samfélag með aukinni samkeppnishæfni sem leiðir til verðmætasköpunar og myndar grundvöll hagsældar. Stafræn þjónusta er skýr, örugg, einföld og hraðvirk. Upplifun notenda af þjónustunni stenst samanburð við þjónustu eins og hún gerist best. Almenningur og fyrirtæki í landinu komast beint að efninu, hvar og hvenær sem er, sem sparar dýrmætan tíma fólks. Jafnframt minnka áhrif þjónustunnar á náttúruauðlindir.



Markmið og áherslur

- Aukin samkeppnishæfni
- Öruggari innviðir
- Betri opinber þjónusta
- Nútímalegra starfsumhverfi



Aukin samkeppnishæfni:

Almenningur og fyrirtæki geti nýtt möguleika stafrænnar þjónustu og innviði hins opinbera til aukinnar nýsköpunar, verðmætasköpunar og lýðræðislegrar þátttöku.

Áherslur:

- Almenningur og fyrirtæki hafa greiðan aðgang að upplýsingum sem opinberir aðilar búa yfir og varða viðkomandi.
- Samfélagið hefur þekkingu og kunnáttu á möguleikum tækninnar, svo sem stafrænna þjónustuleiða og gervigreindar.
- Möguleikar stafrænna innviða eru nýttir til að auka lýðræðislega þátttöku með gagnvirkni og samráði við almenning.
- Gögn hins opinbera eru aðgengileg og hagnýtt að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða og samþykkis einstaklinga.
- Stafræn þjónusta og nýjar lausnir eru þróaðar í samvinnu við fjölbreyttan hóp fyrirtækja og sérfræðinga, meðal annars með hagnýtingu opins hugbúnaðar.
- Löggjöf gerir ráð fyrir stafrænni þjónustu og samskiptum.

Opinn hugbúnaður og vefþjónustur á borð við rafrænar þinglýsingar skapa grundvöll að auknu gegnsæi, ýta undir nýsköpun og brúa bil milli stjórnsýslu og einkageira.



Betri opinber þjónusta

Almenningur og fyrirtæki hafi jafnt aðgengi að framúrskarandi opinberri þjónustu sem er veitt út frá þörfum notenda á skilvirkan og hagkvæman hátt.

Áherslur:

- Stafræn þjónusta er aðgengileg samfélagini öllu og löguð að þörfum mismunandi hópa.
- Stafræn samskipti, í gegnum Ísland.is, eru megin samskiptaleið hins opinbera við almenning og fyrirtæki.
- Meginreglan er að einungis þurfi að skrá gögn einu sinni í samskiptum við hið opinbera og að gögn ferðist á milli stofnana í stað fólks.
- Rekstur vefkerfa og stafrænnar þjónustu er hagkvæmur og uppfyllir hæstu mögulegu öryggisskilyrði.
- Vefþjónustur og gagnaflutningslag hins opinbera er samræmt út frá tæknistefnu Ísland.is.
- Samhæfing og hagkvæmni hugbúnaðarlausna er tryggð.



Stafræn umsókn um fæðingarorlof, ökusírteini og ýmsar sjálfsafgreiðslulausnir tryggja hraðari og betri opinbera þjónustu.

Öruggari innviðir

Upplýsingatækni verði hagað á öruggan, skilvirkan og hagkvæman hátt í gegnum trausta innviði sem mæta bæði kröfum almennings til grunnþjónustu stofnana og stuðla að auknum sveigjanleika opinberrar þjónustu.

Áherslur:

- Vinnubrögð í rekstri upplýsingatæknerfa eru öguð og byggja á alþjóðlegum stöðlum.
- Öflugir innviðir á sviði tækni styðja við markmið um öryggi, skilvirkni og nýsköpun.
- Öruggasta tækni í gagnaflutningi og aðgangsstýringu að upplýsingum er hagnýtt.
- Upplýsingar hins opinbera eru ávallt meðhöndlaðar út frá viðkvæmni- og öryggisstigi þeirra.
- Grunnkerfi hins opinbera byggja á stöðluðum lausnum, sem víðtæk þekking og reynsla er af.



Flytjum gögn en ekki fólk

Tenging stofnana við Strauminn (X-road) tryggir öruggan og rekjanlegan flutning gagna.

Nútímalegra starfsumhverfi

Opinberar stofnanir búi yfir nýjustu tæknilausnum og nútímalegu starfsumhverfi sem hvetur til framþróunar og sveigjanleika og er grundvöllur betra og skilvirkara vinnuskipulags. Jákvætt hugarfar ríkir gagnvart tækifærum nútímalegra starfsháttu.

Áherslur:


- Opinberir starfsmenn hafa haldbæra þekkingu, hæfni og færni til að vinna í stafrænu starfsumhverfi og vinna að stöðugum umbótum og nýsköpun í starfi.
- Opinberir vinnustaðir vinna í samræmdum skrifstofuhugbúnaði.
- Starfsmenn vinna í verkefnamiðuðu starfsumhverfi.
- Möguleikar nýjustu tækni, svo sem sjálfvirknivæðingar, eru að fullu nýttir með ábyrgum hætti.

Hið opinbera nýti lausnir á borð við rafrænar undirritanir, fjarfundatækni og aðrar framleiðnaukandi lausnir til að bæta vinnumhverfi og veita betri þjónustu.



Tilefni stefnumótunar


Á sama tíma og væntingar fólks til þjónustu hafa aukist skapast stór tækifæri til að bæta þjónustuupplifun notenda með aukinni stafrænni þjónustu. Síðustu misseri hefur stafræn þjónusta þróast hratt á Íslandi á grunni stefnu stjórnvalda og þeirra sterku innviða sem byggðir hafa verið upp. Efling stafrænnar þjónustu er eitt af forgangsmálum stjórnvalda og mun stefnan leggja grunn að því að Ísland verði á meðal fremstu þjóða heims þegar kemur að stafrænni opinberri þjónustu.



Efling stafrænnar þjónustu er eitt af forgangsmálum stjórnvalda

Stefna um stafræna þjónustu er umgjörð um sýn og áherslur hins opinbera um hagnýtingu upplýsingatækni og stafrænnar þjónustu til að veita framúrskarandi þjónustu með öruggum hætti.


Stafræn þjónusta á að ná til alls samfélagsins sem og bæta þjónustu við íbúa utan þéttbýlis og styðja við alla þá sem eiga erfitt með að nálgast þjónustu. Með því að hafa helstu þjónustu hins opinbera aðgengilega á Ísland.is er verið að koma almenningi og fyrirtækjum beint í þá þjónustu sem leitað er að. Markmiðið er að einstaklingar og fyrirtæki geti leyst úr sínum málum með sjálfsafgreiðslu, að stafræn ferli spari ferðalög fólks milli staða og tryggi öruggan flutning gagna milli stofnana. Slikt kemur þó ekki í veg fyrir að þjónustan sé veitt með öðrum hætti samhliða og þannig komið til móts við þarfir mismunandi hópa samfélagsins.



Stafræn samskipti verði megin samskiptaleið hins opinbera við almenning

Stafræn þjónusta auðveldar opinberum aðilum að veita nútímalega og skilvirka opinbera þjónustu. Með því að sameina þjónustu opinberra aðila á Ísland.is geta opinberir aðilar nýtt sér lausnir sem eru hannaðar með þarfir þeirra að leiðarljósi sem flýtir fyrir innleiðingu stafrænna lausna og kemur í veg fyrir tvíverknað. Stafrænar lausnir auka skilvirkni vinnustaða og gera það að verkum að hægt er að sinna verðmætari verkefnum í meira mæli og bæta þannig þjónustuna eða auka hagkvæmni hennar.

Stefnunni er jafnframt ætlað að miða að styrkri samkeppnisstöðu Íslands, fjölga störfum í þekkingariðnaði, bæta stafræna hæfni almennings og auka hagsæld með nýsköpun og skilvirkara samfélagi. Þá mun efling stafrænnar þjónustu skila hagræðingu í ríkisfjármálum og minnka áhrif opinberrar starfsemi á umhverfið.




Leiðandi stefna í öflugu erlendu samstarfi

Stefnan er leiðandi fyrir aðrar opinberar stefnur sem og stefnumarkandi ákvarðanir á þessu sviði. Hún var unnin í samráði við helstu hagsmunaaðila ásamt því að drög að stefnunni voru birt í samráðsgátt stjórnvalda. Lögð verður sérstök áhersla á ríkt samtal við hagsmunaaðila í aðgerðum stefnunnar.

Viðfangsefnið er í örri þróun og því verður stefnan í stöðugri endurskoðun. Samhliða stefnunni birtist yfirlit yfir aðgerðir ásamt árangursmælikvörðum. Hún byggir á aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um eflingu stafrænnar þjónustu, sem samþykkt var í maí 2019, og yfirlýstum markmiðum um að stafræn samskipti verði meginþamskiptaleið hins opinbera við almenning. Þá hefur Ísland gengist undir sameiginlega yfirlýsingu Norðurlandanna (e. Digital North) og vinnur í nánu samstarfi við hin Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin að markmiðum um vistvæna og sjálfbæra þróun auk hagnýtingar á gögnum og gervigreind. Stefnan byggir jafnframt á könnun sem fjármála- og efnahagsráðuneytið lét gera um stöðu stafrænnar umbreytingar (e. Digital Transformation) hjá stofnunum ríkisins.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á stefnunni og heyrir hún undir málauflokk 5.3 og 6.1 í fjármálaáætlun. Framkvæmd stefnunnar og aðgerða er hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu ásamt verkefnastofu um Stafrænt Ísland í náinni samvinnu við stofnanir ríkisins, önnur ráðuneyti, sveitarfélög, almenning, félagasamtök og fyrirtæki. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gerst aðili að stefnunni fyrir hönd sveitarfélaga og vinnur að framgangi hennar meðal sveitarfélaga landsins.



STAFRÆNT ÍSLAND





Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

 **island.is**



Samband íslenskra
sveitarfélaga